

Minnisblað – 2111026

Til: Byggðarráðs og Umhverfis- og skipulagsnefndar

Frá: Kristján Ingi Arnarsson, umsjónarmaður framkvæmda

Efni: *Sorphirða - tillaga að breytingum*

Dags.: 29.11.2022

Vegna laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1810.html>

Meginatriði er varða söfnun er í 12. gr. og varðandi gjaldtöku í 17. gr.

Um áramótin næstu koma til framkvæmdar viðamiklar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs. Við það fjölgar úrgangsflokkum sem skylt er að sérsafna, annað hvort við húsvegg heimila eða í grenndarstöðvar. Breytingar fela einnig í sér innleiðingu BÞHE (borgað þegar hent er) hugmyndafræðina þar sem gjaldtaka skal taka mið af losun hvers og eins notanda. Lögin kveða enn á um að málaflokkurinn í heild sinni standi á núlli, þ.e. sé ekki niðurgreiddur af sveitarfélaginu.

Í uppfærðri 3. mrg. 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 segir m.a.:

„Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum.“

Söfnun í grenndarstöð

Gler, málmum og textíl má safna í grenndarstöð. Nú þegar er lúga fyrir gler á flokkunarkránni við gámasvæðið og önnur lúga verður merkt fyrir málm samhliða aðgreiningu á endurvinnsluúrgangi. Viðræður eru við Íslenska Gámafélagið með hvaða hætti væri heppilegast að taka á móti textíl (lúga á krá eða sér fatagámur utan girðingar).

Breytt sorphirða heimila

Aðgreina þarf pappír og plast miðað við núverandi þriggja tunnu kerfi. Lagt er til að það verði gert með því að bæta við fjórðu tunnunni við hvert heimili. Aðrar lausnir eins og tvískipt ílát er dýrari í hirðingu og hagkvæmnir meiri ef rúmmál íláta við húsvegg er meira, vegna þess hve strjálbýlt sveitarfélagið er. Fyrir utan kostnað við kaup á nýjum tunnum fjölgar losunum sem við greiðum í stykkjatali. Ekki þarf að fara sér ferð eftir fjórðu tunnunni, en báðar hirðuferðirnar yrðu þó með tveggja hólfa bíl (pappír og plast í annarri og almennt og lífrænt í hinni). Í ár hefur lífrænt verið tekið samhliða endurvinnslunni á 6 vikna fresti, en yrði tekið með almennu á 4 vikna fresti með breyttu fyrirkomulagi þar sem endurvinnsluflokkarnir tveir yrðu teknir saman. Við það fjölgar hirðingum á lífrænu sem hækkar kostnað við þann flokk.

Lagt er til að tíðni á endurvinnslu verði minnkuð samhliða í 8 vikur í dreifbýli og 4 vikur í þéttbýli. Hirt magn (L/viku) endurvinnslu stæði þá nánast í stað í dreifbýli en eykst nokkuð í þéttbýli.

Kostnaðaraukning vegna hirðingu á endurvinnslu væri þannig aðeins að hækka um 36%, sem eru rúmar 3 milljónir fyrir 2023. Aukin tíðni á lífrænu gæti kostað um 2,5 milljónir.

BÞHE fyrir heimili

Fast gjald vegna úrgangsmála má vera mest 50% á tímabilinu 2023-24 og 25% frá og með 2025. Heimilt er að færa innheimtu gjalda milli úrgangsflokka þannig gjaldtaka óumhverfisvænni flokka (urðun) greiði að hluta niður kostnað við aðra flokka (endurvinnsla og lífrænt). Sambandið hefur látið vinna úttekt á BÞHE-leiðum og hefur helst verið mælt með rúmmálsleiðinni til að byrja með þar sem greitt er í samræmi við stærð íláta og fjölda losana. Tækni til nákvæmari vigtunar og innheimtukerfi eftir raunmagni er flókið og dýrt í rekstri. Mikilvægt er að finna leið í það kerfi án þess að vera með stóran auklager af misstórum ílátum.

Breytingar á gjaldskrá

Lagabreytingin kallar á töluverðar breytingar á gjaldskrá fyrir sorphirðu. Í dag er fast gjald fyrir annars vegar heimili og hins vegar frístundahús. Eins eru gjaldliðir fyrir auka ílát og klippikort. Lagt er til að eftirfarandi liðir verði í nýrri gjaldskrá:

- Fast gjald heimila (mest 50% af gjöldum):
 - Inni í því gjaldi verði kostnaður við gámastöð og annar fastakostnaður.
- Breytilegt gjald heimila vegna sorphirðu með hvata til betri flokkunar:
 - 240L fyrir almennt. Kostnaður við sorphirðu.
 - 140L fyrir almennt. Kostnaður við sorphirðu. T.d. um 20%-30% (13-20þ.) lægra.
 - Breytigjald vegna útskipta á íláti fyrir almennt. Umsýslugjald, gæti verið 3.000-5.000 kr.
 - Ekki greitt ef sótt eru um fyrir útgefna dags. fyrir innleiðingu.
- Gjöld fyrir viðbótarílát við heimili:
 - Rúmmetragjald vegna endurvinnslu (t.d. 9.000 kr/m³)
 - Mismunandi stærð íláta og tíðni.
 - M.v. 9.000 kr/m³ myndi 240L tunna kosta um 14þ. í dreifbýli en 28þ. í Búðardal
 - Tunnugjald vegna viðbótaríláts fyrir almennt.
 - T.d. 30.000 kr. fyrir 240L tunnu og 23.000 kr. fyrir 140L tunnu
- Fast gjald frístundahúsa fyrir grenndarstöðvar og gámastöð.
 - Bara eitt gjald í bili, ekkert breytilegt.
 - Núv. fyrirkomulag býður ekki upp á aðgreiningu á magni frá hverjum og einum. Tæknilausnir verða líklegast þróaðar í öðrum sveitarfélögum sem við getum tekið upp reynist þær vel.
- Rúmmetragjald fyrir losun á gjaldskyldum úrgangi á gámastöð.
 - Hægt að innheimta fyrir m³ eða margfalda til að verðleggja klippikortin.

Ofangreint er tillaga að uppbyggingu gjaldskrár. Eftir er að greina kostnaðarþættina betur áður en settar verða fram tillögur að upphæðum. Tillögur vegna viðbótaríláta eru nærri raunkostnaði við viðbót.

Tillaga að innleiðingu

Svo að innleiðing fjórðu tunnu og BÞHE verði sem hagkvæmust er lagt til að kallað verði eftir umsóknum um breytta stærð á almennri tunnu áður en ílátin eru pöntuð. Þá þyrfti ný gjaldskrá að liggja fyrir svo að fjárhagslegur ávinningur yrði sýnilegur og breytingargjald ekki innheimt sé sótt um fyrir tiltekin tíma (hvati til að fá umsóknir inn í tíma). Þantaðar yrðu ein tunna fyrir hvert heimili, 140L í samræmi við fjölda umsókna og rest venjulegar 240L. Almennum tunnum sem skipt væri út fyrir minni yrðu teknað, þrífnað og gerðar að fjórða íláti (pappír eða plast). Öll endurvinnsluílát (pappír og plast) þarf að merkja eða endurmerkja auk tunna sem fara úr almennt í endurvinnslu. Gert er ráð fyrir að stóra karið í dreifbýli verði fyrir pappír og fjórða tunnan fyrir plast.

Umsóknarferlið gæti hafist fljótlega eftir samþykkt fyrirkomulags og gjaldskrár. Rétt er að gefa því nokkrar vikur og að ferlið sé aðgengilegt (bæði á pappír og rafrænt) svo að tryggt sé að allir sækji um sem vilja breyta. Afhendingartími íláta er ekki þekktur en tekur amk nokkrar vikur. Dreifing og útskipti íláta gæti því farið fram á vormánuðum (apríl/maí). Nánari tímasetning og útfærsla yrði unnin með Íslenska Gámafélaginu.